

2018

Olíudreifing ehf

Gestur Guðjónsson




[ÁÆTLUN UM MEÐHÖNDLUN JARÐVEGS]

Olíubirgðastöðvar Breiðinni Akranesi

INNGANGUR

Í þessari áætlun er gerð grein fyrir því ferli sem lagt er til að fylgt verði varðandi jarðveg sem er á sameiginlegri lóð Olíudreifingar ehf og Skeljungs hf við Breiðargötu á Akranesi.



MYND 1: STAÐSETNING LÓÐARINNAR Á AKRANESI

Fylgt er leiðbeiningum Hollstuverndar Ríkisins, nú Umhverfisstofnun, um meðhöndlun olíumengaðs jarðvegs og stuðst við reynslu af sambærilegum verkefnum.

GREINING Á ÁSTANDI

Mengunarástand svæðid Þórarins verður metið með sýnatökum og greiningu að loknu niðurriði mannvirkja.



MYND 2: YFIRLIT YFIR SVÆDIÐ. ÁÆTLAÐIR SÝNATÖKUSTAÐIR ERU MERKTIR.

Tekin verða sýni með 10-20 metra millibili á þeim svæðum sem mengunar er vænst og 20-40 m þar sem hennar er ekki vænst og greint á staðnum með skynmati sem lýst er í leiðbeiningum um meðferð olíumengaðs jarðvegs, en af hverju svæði verður tekið blandað sýni sem sent verður rannsóknarstofu Háskóla Íslands til að greina heildarmagn efna, sem þjónar einnig sem grundvöllur áburðaráætlunar.

MEDHÖNDLUN JARÐVEGS

ÓMENGADUR JARÐVEGUR

Sá jarðvegur sem greinist ómengadur mun annaðhvort vera láttinn vera eða fara á jarðvegstípp í samráði við sveitarfélagið, ef þörf er á jarðvegsskiptum í tengslum við mannvirkjagerð.

MENGAÐUR JARÐVEGUR

Allur jarðvegur verður blandaður áburðarefnum í samræmi við niðurstöður greininga og hann loftaður til að tryggja bakteríum sem brjóta olíuefni niður hentug lífsskilyrði.

Gert er ráð fyrir að megnið af menguðum jarðvegi verði hreinsaður á staðnum, in-situ, með haugsetningu, sem velt verður 2-3 á hverju sumri.

Þar sem þróarbotn er enn í lagi og fráveitukerfi og olíuskilja enn virk, munu olíuefni sem hugsanlega myndu skolast út, fara í olíuskilju.

MEÐFERÐ JARÐVEGS EFTIR MEÐHÖNDLUN

Sá jarðvegur sem hreinsaður yrði á staðnum, væri látin vera að niðurbroti loknu, jafnað yfir svæðið og sáð í..

FRAMKVÆMDIR ÁÐUR EN NIÐURBROTI ER LOKIÐ

Samkvæmt skipulagi eru lóðirnar iðnaðarlóðir og miðar hreinsunin við að ná þeim viðmiðum sem leiðbeiningar um meðhöndlun oliumengaðs jarðvegs setja um slíkar lóðir á 3-4 árum.

Komi upp þörf fyrir framkvæmdir og húsbyggingar áður en niðurbroti er lokið, þarf að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að mengun valdi ekki tjóni

SAMVINNA VIÐ YFIRVÖLD

Eftirlit með olíubirgðastöðvum er í höndum Umhverfisstofnunnar. En þar sem svæðið fer undir eftirlit Heilbrigðisnefndar þegar starfsemin er lögð niður er ætlunin að vera í samvinnu við báða aðila í þessu verkefni, enda á báðum stöðum til staðar kunnátta til að sinna því.

Reykjavík 4. júní 2018

Gestur Guðjónsson

Umhverfisverkfræðingur, M.Sc.